

**46. fundur Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
30. apríl 2020
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), formaður, Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH), aðalmaður, Aðalsteinn Magnússon (AM), aðalmaður, Jóhann Birkir Helgason (JBH), byggingafulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG), skipulagsfulltrúi, .

Fundargerð ritaði: Einir Steinn Björnsson, Formaður

Dagskrá:

1 Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Tekið fyrir minnisblað frá Óskari Erni Gunnarssyni skipulagsfulltrúa ódagsett er varðar stöðu Aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2031.

Lagt fram til kynningar.

2 Breyting á aðalskipulagi - 1902411

Tekin fyrir að nýju skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breyting á deiliskipulagi Norður-Botns dags. í febrúar 2020.

Í bréfi Skipulagsstofnunar frá 26. nóvember 2019 kom fram athugasemd við skipulags- og matslýsinguna og talið tilefni til að leiðrétta hana og kynna hana að nýju fyrir almenningi og umsagnaraðilum.

Skipulags- og matslýsing hefur verið auglýst, beðið er eftir umsögnum umsagnaraðila. Erindið tekið fyrir að nýju þegar umsagnir hafa borist.

3 Breyting á deiliskipulagi - Norður botn - 1902432

Tekin fyrir að nýju skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og breyting á deiliskipulagi Norður-Botns dags. í febrúar 2020.

Í bréfi Skipulagsstofnunar frá 26. nóvember 2019 kom fram athugasemd við skipulags- og matslýsinguna og talið tilefni til að leiðrétta hana og kynna hana að nýju fyrir almenningi og umsagnaraðilum.

Skipulags- og matslýsing hefur verið auglýst, beðið er eftir umsögnum umsagnaraðila. Erindið tekið fyrir að nýju þegar umsagnir hafa borist.

4 Umsókn um leyfi fyrir svölum - 2003358

Tekið fyrir fyrirspurn frá Guðmundi Má Ástþórssyni dags. 09.03.2020 er varðar byggingu svala og setja hurð og glugga á austur galf á Dunhaga skv. teikningum frá Ásgeir Jónassyni dags. 09.03.2020.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið.

5 Ósk um niðurrif og uppbyggingu - 2003506

Tekið fyrir erindi frá Torfa Elís Andrésyni dags. 30.03.2020 er varðar heimild til að rífa gamlan hjall og reykhus sem stendur sunnanvert á Gileyri og setja á grunninn 18 feta gám, ætlunin er svo að klæða gáminn að utan með timbri.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir niðurrif á hjalli og reykhusi og heimilar niðursetningu á gámi og fagnar því að hann verði klæddur að utan með timbri.

Aðalsteinn Magnússon vék af fundi undir þessum lið.

6 Endurnýjun á íbúðarhúsi að Kvígindisfelli - 2004539

Tekið fyrir umsókn frá Bjarna Magnússyni dags. 1. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að rífa hluta hússins að Kvígindisfelli, millibyggingu og gamla véla- og verkfærageymslu og byggja nýja viðbyggingu skv. teikningum frá Tækniþjónustu Vestfjarða.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni þegar öllum skilyrðum hefur verið uppfyllt.

Aðalsteinn Magnússon mætti til fundar.

7 Strandgata 39-41, sameining lóða - 2004602

Tekinn fyrir nýr lóðarleigusamningur fyrir lóðirnar Strandgata 39-41 ásamt lóðarblaði. Óskað er eftir lóðirnar við Strandgötu 39 og 41 verði sameinaðar í eina lóð. Lóðarblað er í samræmi við deiliskipulag.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að deiliskipulag svæðisins gerir ráð fyrir geymslusvæði fyrir báta sunnan við húsið. Lóðarleigusamningur er útrunninn, byggingarfulltrúa falið að gera nýjan lóðarleigusamning í samræmi við deiliskipulag.

Benedikt Hreggviðsson vék af fundi undir þessum lið.

8 Umsókn um byggingarleyfi - 2004655

Tekin fyrir umsókn frá Sænska húsinu ehf. dags 20.04.2020 þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir hesthúsi í Hrafnadal eða á annarri lóð sem hentar undir hesthús. Meðfylgjandi umsókn er undirritun eigenda hesthúsa í Hrafnadal þar sem þeir samþykkja fyrir sitt leyti að reist verði hesthús á svæðinu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið og felur byggingarfulltrúa að ræða við umsækjanda um nánari staðsetningu fyrir húsið í samræmi við umræður á fundinum.

Benedikt Hreggviðsson kemur til fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Benedikt Davíð Hreggviðsson
(BDH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)
